

Fimmtudaginn 8. nóvember 1990.

Nr. 82/1990. **Skúli Jónsson**

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

Brynhildi Jensdóttur

(Guðmundur Pétursson hrl.)

og gagnsök.

Óvígð sambúð. Skipti. Úthlutunargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut hinum áfrýjaða úrskurði til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. mars 1990. Dómkröfur aðaláfrýjanda eru þær, að gagnáfrýjanda verði aðallega gert að greiða dráttarvexti af 150.134 krónum frá 1. mars 1987 til greiðsludags, en til vara af 96.130,80 krónum frá sama tíma og til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. mars 1990. Hún krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti að viðbættum virðisauka-skatti á málflutningsþóknun.

Í skiptarétti Kópavogs mótmælti aðaláfrýjandi frumvarpi skiptaráðanda að úthlutunargerð í heild sem röngu. Hann gerði þar þá aðalkröfu að fá sinn hluta af 1.250.000 krónum verðbættan og með vöxtum frá 1. mars 1987. Þá fjárhæð hafði gagnáfrýjandi móttekið á árinu 1986, en aðaláfrýjandi taldi, að gagnáfrýjandi hefði tekið peningafjárhæð þessa ólöglega í sína vörslu. Varakrafa aðaláfrýjanda var miðuð við þá fjárhæð, sem honum var ætluð í frumvarpi skiptaráðanda að úthlutunargerð, þ.e. 150.134 krónur. Krafðist hann þess, að við þá fjárhæð bættust verðbætur samkvæmt lánskjaravísitölu frá 1. mars 1987 og 5% ársvextir. Loks gerði aðaláfrýjandi þá þrautavarakröfu, að dráttarvextir yrðu reiknaðir af 150.134 krónum frá 1. mars 1987 til greiðsludags. Skiptaráðandi hafnaði kröfum þessum.

Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi fallið frá kröfum, sem svara

til aðalkröfu og varakröfu í héraði, en haldið fast við þrautavara-kröfu, sem hann gerir nú að aðalkröfu sinni.

Eins og kröfugerð áfrýjanda er háttað, þykja ekki vera lagafor-sundur til þess að taka til greina kröfur hans um dráttarvexti af fyrrgreindum fjárhæðum. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Kópavogs 16. febrúar 1990.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 12. febrúar sl., var þingfest hér fyrir réttinum þann 9. febrúar sl., er sóknaraðili lagði fram greinargerð og krafðist úrskurðar skiptaréttarins varðandi fyrirhugaða úthlutun úr búi málsaðila.

Kröfur.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að honum verði greiddur hlutur hans af þeim kr. 1.250.000, sem búið var að greiða 1. mars 1987, en sóknaraðili kveður varnaraðila hafa tekið þessa fjármuni í sína vörslu ólöglega. Við munnlegan flutning málsins kom fram, að lögmaður sóknaraðila telur hlut hans af þessari fjárhæð vera 38% hennar. Þá gerir sóknaraðili þá kröfu, að á fjárhæðina verði greidd lánskjaravísitöluuppbót frá 1. mars 1987, 173,85%, þannig að krafan sé þá 1.200.787. Þá gerir sóknaraðili einnig kröfu um, að á þessa fjárhæð verði greiddir 5% ársvextir frá 1. mars 1987, kr. 175.115. Alls nemi því krafa þessi kr. 1.375.902.

Sóknaraðili gerir þá varakröfu, að við þá fjárhæð, sem honum var ætluð við fyrirhugaða úthlutun, kr. 150.134, verði bætt lánskjaravísitölu miðað við 1. mars 1987, kr. 210.007, og 5% ársvöxtum frá sama tíma, alls kr. 397.792.

Til þrautavara gerir sóknaraðili þá kröfu, að dráttarvextir reiknist á kr. 150.134 frá 1. mars 1987 til greiðsludags. Þá gerir sóknaraðili kröfu um málskostnað að mati réttarins.

Varnaraðili gerir þá kröfu, að söluandvirði fasteignarinnar að Tunguheiði 6 í Kópavogi verði skipt milli málsaðila á grundvelli dóms Hæstaréttar í málinu nr. 360/1987, dags. 12.5.1989.

Varnaraðili kveðst sætta sig við úthlutun á grundvelli frumvarps á dskj. nr. 19.

Varnaraðili gerir kröfu um málskostnað að mati réttarins úr hendi sóknaraðila og vísar í því sambandi til 177. gr. og 182. gr. eml.

Málavextir.

Málsaðilar áttu saman fasteignina að Tunguheiði 6 í Kópavogi, en seldu hana með kaupsamningi, dags. 5. maí 1986. Deildu aðilar um það, í hvaða hlutföllum söluverðið skyldi skiptast milli þeirra, og um það, hvort þeirra bæri ábyrgð á áhvilandi skuldum. Sumar þeirra yfirtóku kaupendur, en seljendur tóku að sér að létta öðrum af eigninni. Var úr þessum deilumálum ekki skorið fyrr en með dómi Hæstaréttar 12. maí 1989, en dómsorð hans hljóðar svo:

„Við skipti á búi áfrýjanda, Brynhildar Jensdóttur, og stefnda, Skúla Jónssonar, vegna sambúðarslita þeirra skal reikna henni 62 hundraðshluta og honum 38 hundraðshluta í eigninni að Tunguheiði 6 í Kópavogi. Til skulda stefnda teljast lán frá Lífeyrissjóði verkstjóra, upphaflega samtals 99.000,00 krónur, og lán frá Byggingarsjóði ríkisins, upphaflega að fjárhæð 65.000,00 krónur, og beri hann ábyrgð á eftirstöðvum þeirra lána. Lán frá Byggingarsjóði ríkisins, upphaflega að fjárhæð 33.000,00 krónur, skal vera á ábyrgð þeirra að jöfnu.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.“

Var málið að þessum úrslitum fengnum tekið til meðferðar í skiptarétti Kópavogs á ný, og skyldi söluandvirði eignarinnar nú skipt með málsaðilum.

Söluandvirðið reyndist þá að nokkru leyti ógreitt, því að vegna vanefnda seljenda á því að létta af eigninni láni frá Lífeyrissjóði verkstjóra höfðu kaupendur stöðvað greiðslur umsamins kaupverðs, eftir að hafa greitt kr. 1.250.000 af útborgun, auk þess að hafa yfirtekið lán frá Byggingarsjóði ríkisins, að fjárhæð kr. 304.503,88, samtals kr. 1.554.503,88, en umsamið verð var kr. 2.575.000.

Um síðir náðust sættir með kaupendum og seljendum um uppgjör vegna kaupanna, m.a. með yfirtöku kaupenda að fyrrnefndu lífeyrissjóðsláni, en af því höfðu þau borið kostnað frá árinu 1987, og var til þess tekið tillit við uppgjör.

Er skemmst frá því að segja, að greiðslur kaupenda samkvæmt samkomulaginu, sem voru teknar í vörslur skiptaréttarins, voru kr. 212.832 í reiðufé og tvö skuldabréf, sem gefin voru út af kaupendum til handhafa þann 17. nóvember 1989, að fjárhæð kr. 331.562 hvort bréf. Bréfunum var þinglýst, og var kostnaður vegna þess tekinn af eign búins, kr. 10.520. Bréfin eru nú til innheimtu í Sparisjóði Kópavogs, og eru kaupendur þegar farnir að greiða af þeim.

Að margreyndum sáttatilraunum með málsaðilum um skiptingu þess, sem til er í búinu, milli þeirra var þann 24. janúar sl. lagt fram frumvarp að úthlutunargerð í búinu.

Eins og fyrr segir, sætti sóknaraðili sig ekki við þá skiptingu eigna, sem frumvarpið gerði ráð fyrir, mótmælti því í heild sinni og gerði ofanritaðar kröfur.

Frumvarp það, sem frammi liggur, dskj. nr. 19, byggist á því, að andvirði hins upphaflega kaupsámnings er skipt milli aðila, svo sem dómur Hæstaréttar mælir fyrir um. Frá hluta hvors aðila er svo dregið það, sem þau hafa notið, eftir því sem kaupsamningurinn varð efndur. Sóknaraðila bar 59% þess, sem ógreitt var, en varnaraðila 41%.

Við uppgjör við kaupendur á árinu 1989 varð samkomulag með öllum aðilum um, að kaupendur ættu ógreitt að núvirði kr. 1.736.250 eða að frá-dregnu gjaldi vegna þinglýsingar og skiptagjaldi í ríkissjóð kr. 1.712.590. Af þeirri fjárhæð bar sóknaraðila 59%, kr. 1.010.428, en varnaraðila 41%, kr. 702.162. Framangreind fjárhæð var þó ekki greidd, vegna þess að samkomulag var um það að draga frá henni þann kostnað, sem kaupendur höfðu af vanskilum og að lokum yfirtöku lánsins frá Lífeyrissjóði verkstjóra, samtals kr. 860.294, þannig að í búinu eru nú til skipta kr. 852.296. Þar sem lífeyrissjóðslánið var á ábyrgð sóknaraðila, þykir eðlilegt að draga lækkun endanlegrar greiðslu kaupenda vegna þess eingöngu frá hans hluta eftirstöðvanna.

Samkvæmt frumvarpinu skiptast fjármunir búsins því þannig á milli aðila, að varnaraðila beri kr. 702.162, en sóknaraðila kr. 150.134 í reiðufé.

Niðurstöður.

Kröfur sóknaraðila byggjast á því, að 38% þess hluta, sem greiddur var af útborgun samkvæmt kaupsamningnum, hafi verið eign hans, og beri varnaraðila, sem tók við þessum fjármunum, að skila honum hans hluta, verðtrygðum og með vöxtum. Á þessa skoðun sóknaraðila verður ekki fallist, enda bar varnaraðila 62% kaupverðsins, og fjármunir þeir, sem hún móttók, fóru ekki fram úr því marki. Það, að kaupsamningurinn varð ekki efndur samkvæmt efni sínu, verður að teljast á ábyrgð sóknaraðila. Aðal-kröfu sóknaraðila er því hafnað.

Varakröfu sóknaraðila er einnig hafnað, þar sem skuld kaupenda við seljendur var reiknuð til núvirðis við uppgjör miðað við nóvember 1989, og er fjárhæðin, sem sóknaraðila er ætluð í frumvarpinu, miðuð við það uppgjör.

Prautavarakröfu sóknaraðila er hafnað á sömu forsendum.

Sóknaraðili skal sjálfur bera sinn kostnað af málinu.

Krafa varnaraðila um úthlutun á grundvelli dóms Hæstaréttar er tekin til greina.

Krafa varnaraðila um málskostnað úr hendi sóknaraðila er tekin til greina og ákveðst kr. 55.000.

Síðastgreint úrskurðaratriði sé aðfararhæft.

Rétt þykir, að úthlutun fari fram í samræmi við frumvarp að úthlutunargerð, sem fram var lagt þann 24. janúar sl., og eignum búsins verði skipt þannig á milli aðila, að sóknaraðili fái kr. 150.134 í reiðufé, en varnaraðili fái kr. 702.162 í skuldabréfum og reiðufé.

Úrskurð þennan kvað upp Krístrún Kristinsdóttir fulltrúi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Úthlutun úr búi Brynhildar Jensdóttur og Skúla Jónssonar verði þannig, að Skúli Jónsson fái í sinn hlut kr. 150.134 í reiðufé, en Brynhildur Jensdóttir fái kr. 702.162 í sinn hlut, að hluta í reiðufé og að hluta í skuldabréfum.

Sóknaraðili, Skúli Jónsson, greiði varnaraðila kr. 55.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.
